



EFNI BLAÐSINS



Siðaping

- 4 Birgir Guðmundsson:
Siðaping blaðamanna
- 9 Hjördís Finnbogadóttir:
Kallar eitthvað á endurskoðun
siðareglna?
- 11 Róbert H. Haraldsson og
Steinar Örn Atlason:
Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands
1966-2005

Launamál

- 20 Arna Schram:
Nýir samningar

Umræðan

- 22 Hinn íslenski blaðamaður
- 24 Fjölmiðlamót í knattspyrnu
- 26 Félagatal

Útgefandi: Blaðamannfélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Birgir Guðmundsson (biggi@nett.is).

Útlitshönnun: Ásprent Stíll

Prentun: Ásprent Stíll

Forsíðumynd: Árni Sæberg

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155,
bréfsími 553-9177 og
nefang bi@press.is
Heimasíða BÍ er www.press.is

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.00–15.00.
Starfsmenn BÍ í hlutastarfi eru Hjálmar Jónsson,
framkvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókari.



Forsíðumyndin

Myndin var tekin á félagsfundi blaðamanna
þar sem greidd voru atkvæði um kjara-
samningana.

Siðareglur blaðamanna

Siðareglur Blaðamannafélags Íslands hafa verið mikið í umræðunni síðustu vikur og ekki að ástæðulausu. Hið svokallaða DV-mál beindi kastljósinu að siðfræðilegum mörkum í blaðamennsku og þá ekki síst að því hvort siðareglur Blaðamannafélags Íslands væru á einhvern hátt máttlausar eða gallaðar. Raunar var umræðan um siðareglurnar og breyttan tíðaranda hafin talsvert löngu áður en DV-mál náðu sér á strik í almennri þjóðfélagsumræðu, þó hún hafi verið á rólegri og e.t.v. yfirvegaðri nótum en einkennði málið í kringum hinn hörmulega atburð á Ísafirði. Þannig má rifja upp að í septemberblaði Blaðamannsins árið 2004 var sérstök úttekt gerð á stöðu siðaskrármála á íslenskum fjölmiðlum og safnað saman flestum eða öllum reglum sem unnið er eftir á ritstjórnnum miðlanna. Í leiðara þeirrar útgáfu sagði m.a.: „Í síbreytilegu samfélagi er viðbúið að siðareglur og vinnureglur þurfi endurskoðunar við. Jafnvel stöðugrar endurskoðunar. Þær reglur sem Blaðamannafélagið innleiddi á sínum tíma eru í öllum aðalatriðum óbreyttar enn í dag, næstum 40 árum eftir að þær komu fyrst fram. Segja má að þær hafi elst vel, m.a. vegna þess að þær eru almennar og í þeim er ákveðið svigrúm til túlkunar og tillits til breytts tíðaranda. Nánari útfærslu hefur þá gjarnan verið að finna í innanhússreglum miðlanna sjálfra. Nú hefur hins vegar ýmislegt gerst sem gerir spurninguna um endurskoðun háværa. Má þar nefna nýja ritstjórnarstefnu hjá DV og dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Karólínu prinsessu af Mónakó. Hvort tveggja yfir upp gamalkunnar spurningar varðandi friðhelgi einkalífsins og mynd- og nafnbirtingar.“ Eins og þessi orð bera með sér er umræðan síður en svo ný. Í millitíðinni hefur Blaðamannafélagið í samstarfi við Samtök fréttamanna auk þess gengist fyrir sérstöku Siðþingi sem haldið var sl. haust. Þar var tekist á um þessi mál á faglegum grundvelli og er gerð grein fyrir þeirri umræðu í því eintaki Blaðamannsins sem nú kemur fyrir sjónir félagsmanna og almennings. Á þessu siðþingi lýsti Arna Schram því yfir að hún myndi óska eftir því við stjórn Blaðamannafélagsins að farið yrði með formlegum hætti í þá vinnu að skoða siðareglur félagsins og meta hvort og hvaða þörf væri á endurbótum þar. Sú vinna mun vera komin í farveg, óháð þeirri tilfinningaþrungnu umræðu sem kom upp nú eftir áramótin.

Í umræðunni síðustu vikur hefur því gjarnan verið kastað fram að siðareglur Blaðamannafélagsins séu ónýtar fyrst og fremst vegna þess að þær séu svo gamlar. Slíkur málf lutningur ber vott um ákveðið þekkingarleysi á siðareglunum og sögu þeirra auk þess sem siðfræðilegar grundvallarskyldur breytast auðvitað ekki á nokkrum áratugum. Þó slíkt þýði að sjálf-sögðu ekki að endurskoðun reglnanna sé óþörf, undirstrika þessi atriði mikilvægi þess að endurskoðunin og umræðan um hana sé byggð á þekkingu og yfirsýn yfir söguna og reynsluna.

Það er því feikilegur hvalreki á fjörur blaðamanna að Róbert A. Haraldsson, dósent í heimspæki við Háskóla Íslands og meðlimur í Siðanefnd Blaðamannafélagsins til margra ára og Steinar Örn Atlason, skuli hafa unnið upp mikla rannsókn á Siðanefndinni og sé að gera samanburð á starfsemi hennar og ýmissa sambærilegra stofnana í nágrannalöndum okkar. Þeir hafa fallist á að birta í þessu hefti Blaðamannsins ítarlega grein um starfsemi Siðanefndar B.Í. og má fullyrða að þar er um að ræða einhverja ítarlegustu úttekt á störfum Siðanefndarinnar sem birst hefur.

Þrátt fyrir heitar og miklar umræður um siðamál blaðamanna síðustu vikur, er málið langt frá því útrætt. Þær greinar og það þema sem birtist hér í blaðinu um þessi mál munu vonandi verða gagnlegt innlegg í þá umræðu.

Birgir Guðmundsson

Stjórn BÍ:

Arna Schram, blaðamaður Mbl. formaður.
Jóhann Hliðar Harðarson, Stöð 2/Bylgjan, varaform.
Arndís Þorgeirsdóttir, fréttastjóri FB, gjaldkeri.
Björgvin Guðmundsson, Ritstjóri DV.
Hilmar Þór Guðmundsson, ljósmyndari Viðskiptablaðinu.
Elva Björk Sverrisdóttir, blaðam. Morgunblaðinu.
Eiríkur St. Eiríksson, blaðamaður Skip.is
Varamenn:
Ingibjörg Bára Sveinsdóttir, blaðamaður Fróði.
Svanborg Sigmarsdóttir, blaðamaður á Fréttablaðinu.

Samningaráð:

Arna Schram, Mbl.
Hjálmar Jónsson, Mbl.
Helgi Seljan, NFS.
Jóhann Hliðar Harðarson, Stöð 2.
Svanborg Sigmarsdóttir, Fréttablaðið.
Þorvaldur Ó. Kristmundsson, Mbl.
Varamenn:
Egill Ólafsson, Mbl.
Fríða Björnsdóttir.
Róbert Róbertsson, Fróði.

Orlofs- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, formaður.
Hilmar Karlsson, varaformaður, DV.
Lúðvík Geirsson, ritari.
Varamaður:
Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson, Mbl.
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson.
Varamaður:
Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Birgir Guðmundsson, formaður, Elin Albertsdóttir,
Jóhannes Tómasson, Lúðvík Geirsson og
Sigríður Arnadóttir.

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:
Anna G. Ólafsdóttir, Guðni Einarsson
og Hjálmar Jónsson.

Dagblaðið/Visir:
Arndís Þorgeirsdóttir.

NFS:
Hrafnhildur Harðardóttir og Jóhann Hliðar Harðarson.

Fréttablaðið:
Kristín Eva Þórhallsdóttir og Þróstur Emilsson.

Fróði:
Ingibjörg Bára Sveinsdóttir.

Blaðið:
Ingólfur Júlíusson.

Viðskiptablaðið:
Sigurður Már Jónsson.

Siðanefnd:

Kristinn Hallgrímsson lög., formaður.
Hjörtur Gíslason blaðam., varaformaður.
Sigurveig Jónsdóttir, fyrrum fréttastjóri.
Brynhildur Ólafsdóttir, fulltrúi útgefenda.
Salvör Nordal, fulltrúi Siðfræðistofnunar HÍ.
Varamenn eru:
Jóhannes Tómasson, blaðamaður.
Valgerður Jóhannsdóttir, fréttamaður.
Þór Jónsson, blaðamaður.

Siðapring blaðamanna

Blaðamannafélag Íslands og Félag fréttamanna stóðu fyrir sérstöku siðapringi á Hótel Loftleiðum í haust þar sem fjallað var um siðamál blaða- og fréttamanna.

Nokkrir frummælendur voru á málþinginu og fluttu þeir stutt inngangserindi en síðan voru pallborðsumræður.

Salvör Nordal

Salvör Nordal reið á vaðið og kynnti nokkur grundvallaratriði varðandi siðareglur starfsstétta almennt og beindi m.a. sjónum að því hvað væri fagstétt og hver væru einkenni slíkra stétta. Hún benti á ýmis rök fyrir siðareglum og fjallaði síðan um muninn á siðareglum og lagareglum. Siðareglurnar spretta af almennum siðareglum samfélagsins og þær eru fyrst og fremst til leiðbeiningar án þess að þær hafi endilega stöðu lagaboða. Siðareglur gera fagstéttum auðveldara að greina og leysa úr siðferðilegum álitamálum að sögn Salvarar. Hún nefndi fjórar skyldur fagstétta sem siðareglur tækju jafnan á, en þetta væru faglegar skyldur, hæfnisskyldur, borgarlegar skyldur og skyldur við starfsystkini. Loks benti Salvör á tenginguna milli trausts og ábyrgðar hjá fagstéttum og að jafnan færi þetta saman. Endaði hún á að varpa fram spurningu um hvort blaðamenn nytu trausts og hvort þeir bæru ábyrgð og þá jafnframt, hvort þeir væru fagstétt í hefðbundnum skilningi.



Salvör Nordal.



Hjördís Finnbogadóttir.



Jónas Kristjánsson.



Róbert Haraldsson.

Róbert Haraldsson

Róbert Haraldsson, dósent í heimspeki við HÍ kynnti nokkrar niðurstöður úr rannsóknnum sínum á úrskurðum Siðanefndar B.Í. og sam- anburði við siðanefndir annarra Norðurlanda. Róbert hélt sig þó að mestu við íslensku nefndina í sínu erindi og sýndi stórfróðlega tölfræði um úrskurði og dóma. Ítarleg grein er gerð fyrir þessum niðurstöðum á blaðsíðu 11, en helstu niðurstöður Róberts má taka saman í eftirfarandi punkta:

- 1) Siðanefnd er nánast alltaf sammála í úrskurðum sínum.
- 2) Meginmynstur kærumála er að það er einstaklingur sem kærir fjölmiðil, en í árdaga nefndarinnar bar tals-

vert á að fjölmiðlamenn væru að kæra hver annan.

- 3) Sú grein sem ber höfuð og herðar yfir aðrar greinar siðareglanna þegar kemur að kærnum er 3. greinin, sem fjallar um tillitssemi. Aðrar greinar reglnanna hverfa nánast í skuggann af þessari grein og telur Róbert að þetta megi að hluta til skýra með því að greinin er mjög víðtæk, t.d. í samanburði við hin Norðurlöndin, þar sem efnisatriðum þessarar greinar er dreift á fleiri greinar.
- 4) Sýknudómum hjá siðanefnd hefur fjölgað hlutfallslega mjög mikið á síðustu tveimur áratugum. Ítarleg grein Róberts hér annars staðar í blaðinu er að sumu leyti um þetta sama efni.

Hjördís Finnbogadóttir

Hjördís Finnbogadóttir fréttamaður á Ríkisútvarpinu gerði siðferðileg vandamál blaðamannastéttarinnar í dag að umtalsefni. Hún taldi að greina mætti helstu vandamál blaðamanna og spurningu um trúverðugleika þeirra í tvennt. Annars vegar þegar eftirlitshlutverk hins opinbera hafi með einum eða öðrum hætti brugðist og aðilar tengdir valdakjörnum ættu hlut að máli, eins og t.d. í Árna Johnsenmálinu eða spillingarmáli hjá kristilegum demókrötum í Þýskalandi Kohls. Hins vegar væri það þegar út brytust allsherjar stríðsátök milli efnahagslegra og pólitískra blokka líkt og nú



Úr Pallborðinu, Benedikt Sigurðsson, Óli Tynes og Elin Albertsdóttir.

hefði gerst á Íslandi. Nánar um erindi Hjördisar annars staðar í blaðinu.

dómi er lagt til grundvallar að skemmtifréttir af persónum séu mikilvægar fréttir og eigi því rétt á sér.

Munurinn á Karólínudóminum í Strassborg og þýska dóminum segir Jónas vera að í Þýskalandi hafi menn verið

Jónas Kristjánsson

Jónas Kristjánsson ritstjóri DV hóf mál sitt á því að biðjast afsökunar á því að hafa átt þátt í því að síðareglur BÍ voru samdar í upphafi – fyrir um 40 árum. Þá hafi ástandið verið svipað og nú, auðhringar og pólitik hafi verið allsráðandi, en reglurnar hefðu ekki tekið á því meginvandamáli. Orðalag síðareglanna hafi meira að segja verið þannig að ætla mætti að þær hafi átt að þagga niður í ágengum tabloidblöðum og koma í veg fyrir að þau yrðu til á Íslandi eins og í öðrum löndum. Jónas kvaðst ekki geta svarað því hvort sá hefði verið tilgangurinn í raun og veru, en baðst samt enn og aftur afsökunar.

Jónas gerði Karólínudóm Mannréttindadómstóls Evrópu að umtalsefni og bar hann saman við dóm þýska Hæstaréttarins í málinu og þótti þýski dómurinn ólíkt skynsamlegri. Í þeim



Jón Kaldal og Hjálmar Jónsson, blaðamaður Morgunblaðsins og framkvæmdastjóri Blaðamannafélags Íslands.



Morgunblaðsmennirnir Kristján Jónsson og Björn Vignir Sigurpálsson.



Dagblaðsmennirnir Jónas Kristjánsson og Eiríkur Jónsson.

að fjalla um efnið sem verið var að birta en hjá Mannréttindadómstólnum hafi menn verið að fjalla um aðferðafræði „papparassa“-ljósmyndara.

Jónas sagðist taka undir þá fullyrðingu að upphaflegt hlutverk fjölmiðla hefði verið að skemmta fólki og því væri ekki ástæða til að velta endalaust fyrir sér hvort „nauðsynlegt“ væri að birta þetta eða hitt. Slíkt væri í raun sósíal-fasísk ritskoðun og angi af því lífsviðhorfi að þurfa að hafa vit fyrir öðrum. Jónas kvaðst ósáttur við það sjónarmið að ráðamenn ættu að skammta upplýsingar ofan í fólk og ákveða hvað það „þyrfti“ að vita. Fólk ætti einfaldlega að ákveða þetta sjálf.



Rúv-konurnar Björg Eva Erlendsdóttir og Valgerður Jóhannsdóttir.

Hann sagði að það væri sérkennileg blaðamennska þar sem ekki mætti segja sannleikann af ötta við að það yrði einhver sár úti í bæ! Þetta væri „need to know“-stefna, sem væri hið versta mál. Því væri hin svokallaða tillitssemisregla í síðareglum blaðamanna vond og hún ætti að koma síðast, en vandvirknis- og sannleiksreglan ættu að vera í fyrirrúmi.

Að mati Jónasar eru hin raunverulegu vandamál blaðamanna önnur. Þau snúast um samskipti við eigendur (eða auðhringa) og við auglýsendur. Því skyti skökku við að ekki væru til reglur um sjálfstæði ritstjórna eða samskipti við auðhringa því fjölmiðlar gengju kaupum og sölum og það væri engin trygging fyrir því að hvaða miðill sem væri lenti í eigu einhvers Murdochs eða Blacks sem vildi beita sér.

Mörður Árnason

Mörður Árnason, fyrrum síðanefndarmaður og alþingismaður taldi ástæðu til að bregðast við ræðu Jónasar með því að taka undir að hættur fælust í áhrifum eigenda eða auðhringa og í auglýsingum. Hins vegar taldi Mörður að gagnrýni Jónasar á Síðanefnd væri ekki makleg. Mörður sagði að svar blaðamanna við þessum eignarhaldslegu og efnahagslegu hættum hlyti að felast í faglegri reisu blaðamanna, m.a. með því að þeir standi vörð um slík gildi í Blaðamannafélaginu og í síðanefndinni. En Mörður fjallaði þó



Siðaðingjöld var vel sótt af blaðamönnum.

Myndir: Sigurður Bogi

aðallega um áhrif siðanefndar í sinu erindi og talaði um það út frá þremur punktum. 1) þörfum kærendanna 2) hvort siðanefndin leiddi til bættrar blaðamennsku og 3) hvort siðanefndin hefði orðið til þess að efla siðvitund í stéttinni. Von er á skrifaðri hugleiðingu á grundvelli erindisins frá Merði

þannig að ekki verður hér farið nánar út í það.

Pallborð

Við pallborðið sátu þau Björn Vignir Sigurpálsson af Morgunblaðinu, Elín Albertsdóttir ritstjóri Vikunnar, Óli Tynes

á Stöð 2, Benedikt Sigurðsson varafréttastjóri á Ríkissjónvarpinu og Jón Kaldal aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins. Segja má að þeir Björn Vignir, Óli Tynes og Jón Kaldal hafi allir verið nokkuð hlynntir því að hafa starfandi siðanefnd og siðareglur fyrir blaðamannastéttina. Elín lýsti því hins vegar að hún væri stuðningsmaður þess að hafa siðareglur þó siðanefndin sem slík mætti hennar vegna fara. Benedikt taldi hins vegar að óheppilegt gæti verið að hafa einar siðareglur fyrir alla fjölmiðlaflórana og betra væri að fólk gæti sjálft fengið að gera upp hug sinn varðandi það hvaða fjölmiðli það kysi að trúna og nota. Hugsanlegt væri þó að hafa mjög almennar viðmiðunarreglur en hver miðill fyrir sig væri þó með sínar eigin reglur.

Talsverðar umræður sköpuðust bæði í pallborði og þá ekki síður utan úr sal og dróst fundurinn talsvert fram yfir auglýstan tíma. Góður rómur var þó gerður að þessu framtaki og virtust menn þakklátir fyrir þetta tækifæri til samræðna.



Hér má sjá Steinunni Stefánsdóttur og Arndísi Þorgeirsdóttur á Fréttablaðinu úti í sal á þinginu.

Kallar eitthvað á endurskoðun siðareglna?



Eftir
Hjördís Finnboga-
dóttur fréttamann

Eru hin siðferðilegu skil, markalínan milli friðhelgis einkalífs og tjáningarfrelsis að færast til, er eitthvað að gerast í samfélaginu sem kallar á endurskoðun Siðareglna Blaðamannafélagsins og vinnureglna sem einstakir fjölmiðlar hafa sett sér?

Hver eru helstu siðferðilegu vandamálin sem við stöndum frammi fyrir? Hvers konar aðstæður kalla á sérstaka aðgát og hver gætu verið rétt viðbrögð við þeim?

Þorsteinn heitinn Gylfason, sem lengi sat í Siðanefnd Blaðamannafélagsins sagði að það væru ekki nema tvö ákvæði siðareglna félagsins sem gripið væri til aftur og aftur við umfjöllun kæra sem nefndinni bærust. Hann kallaði þetta vandvirknisreglu og tillitssemisreglu. Vandvirknisreglan krefðist þess að blaðamaður skýrði rétt frá, aflaði upplýsinga samviskusamlega, virti heimildir og héldi trúnað við heimildarmenn. Tillitssemisreglan krefðist þess hins vegar að einstaklingar eða hópar fólks væru ekki særðir eða vanvirtir að tilefnislausu í fjölmiðlum.

Myndbirtingar

Ég er svo heppni að vinna á fjölmiðli þar sem aldrei þarf að taka afstöðu til

þess hvort birta skuli mynd af þessum eða hinum ólánsmanninum. Oft er hins vegar álitafeni hvort birta skuli nöfn manna sem eru dæmdir eða sæta rannsókn vegna gruns um lögbrót. Sæmilega skýrar vinnureglur eru um þetta atriði hjá Útvarpinu en eigi að siður þarf að meta hvert einstakt tilvik fyrir sig og matið er stundum vandasamt. Einn fjölmiðill, DV hefur þá reglu að birta nöfn og mynd þeirra sem um er fjallað í fréttum blaðsins. Þessi stefna hefur verið mjög umdeild. Sjálfri finnst mér hið endurreista DV oft fara á svig við tillitssemisregluna. Hvað réttlætir til dæmis að birta mynd af manni sem var svo óheppinn að sykjast af hermannaveiki og liggur fárveikur á sjúkrahúsi? Umfjöllun um sjúkdóminn, virkni hans, smitleiðir er auðvitað efni sem varðar almenning. En ég sé ekki að neinum sé gagn gert með því að birta nöfn eða myndir þeirra sem hafa sykst. Ofan í kaupið minnir mig að talsvert hafi verið gert úr því að maðurinn væri starfsmaður Landspítalans og þar með gefið í skyn að hann hefði jafnvel smitast þar, þegar hið rétta var að hann hafði smitast í útlöndum og vann þar að auki á skrifstofu spítalans, í sérstöku húsi langt frá öllum sjúkrastofum. Mér sýnist með öðrum orðum að stjórnendur blaðsins biti sig of fast í þá stefnu að birta nöfn og myndir þeirra sem tengjast fréttum eða annarri umfjöllun blaðsins. Heilladrýgra væri að meta hvert tilvik fyrir sig. Þá finnst mér afar óviðfeldinn sá plagsiður DV að birta aftur og aftur slúður og sleggjudóma um nafngreinda einstaklinga sem hafa farið halloka eða orðið fórnarlömb einhverra aðstæðna sem þeir ekki réðu við. Ég er að tala um fólk sem hefur ekki unnið sér neitt til saka annað en að hafa einhverra hluta

vegna orðið „fréttamatur“ eða tengst fjölmiðlum með einhverjum öðrum hætti. Mér finnst að með illmælgri og stimplunum af því tagi sé blaðið að gengisfella sjálf sig og minnka líkur á að önnur umfjöllun þess sé tekin alvarlega. Jafnframt er verið að gengisfella fagið því máttur endurteknningarinnar er mikill.

Starfsumhverfi okkar er að breytast vegna netsins og landamæralausrar fjölmiðlunar. Samkeppni um afþreyingu á netinu virðist vera að breyta viðmiðum. Einstaklingar eru ekki lengur bara notendur miðlanna, þeir eru í auknum mæli þátttakendur. Aðlögun að nýjum aðstæðum stendur yfir og gengur ekki átakalaust.

Persónuleg mál og pólitik

Tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs eru meðal mikilvægustu réttinda og varin í mannréttindakafli stjórnarskrárinnar. Frétta- og blaðamenn dansa stundum á hárfinni markalínu sem þarna liggur á milli. Réttur almennings til upplýsinga og skylda fjölmiðla að sinna henni kemur líka við sögu í máli sem nú er rekið fyrir dómi hér í Reykjavík, það er birting Fréttablaðsins á völdum köflum úr tölvubréfum Jónínu Benediktsdóttur. Annað nýtt mál, sem snýst um friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsi, er ærumeiðingarmál Jóns Ólafssonar gegn Hannesi Hólmsteini. Það mál líka er viðfangsefni dómstóla. Ég held það megi segja að með þessum málum séu ákveðin líkindi eða kannski öllu fremur að þau spegli ákveðið ástand í samfélaginu. Málin eru hins vegar ólík að því leyti að annað snýst beinlínis um umsögn eins manns um annan en hitt um samtöl nokkurra einstaklinga í einkabréfum og þær ályktanir sem

draga má af því sem þar kemur fram. Látum liggja milli hluta hvernig Fréttablaðið komst yfir bréfin, það vitum við ekki. Þar með er auðvitað ekki sagt að það skipti ekki máli. Birtingin er andstæð vilja Jóninu þó ekki sé endilega vist að það sem blaðið hefur birt skaði æru hennar. Annað kynni að eiga við um birtingu þess hluta bréfanna, sem blaðið hafði en notaði ekki.

Það sem í fljótu bragði er líkt með þessu máli og máli Jóns gegn Hannesi er að þau eru angi af harðvitugum átökum í viðskiptum og pólitík. Ritstjórn Fréttablaðsins litur væntanlega svo á að það sé að framfylgja vandvirknisreglunni með því að birta beinar tilvitnanir úr texta einkabréfs – almenningur hafi átt rétt á að vita, að menn í innsta hring annars stjórnarflokksins tengdust því, að það sem við köllum Baugsmál, varð viðfangs efni lögreglu og skattayfirvalda. Stjórnendur Baugs kölluðu þetta í yfirlýsingu hvorki meira né minna en „uppljóstranir um launráð og samsæri gegn Baugi og fyrirsvarsmönnum félagsins, með þátttöku ritstjóra Morgunblaðsins“.

Blöð og eigendur

Athyglisvert var að Fréttablaðið, að stórum hluta í eigu Baugs þó því væri upphaflega haldið leyndu, birti fyrst íslenskra fjölmiðla ákærurnar í Baugsmálinu í sumar. Sömuleiðis birti blaðið viðtöl við hina ákærðu þar sem þeir báru af sér sakir. Lögmenn sakborninga höfðu lesið hvert orð yfir áður en það var prentað. Með þessu þverbraut blaðið eigin vinnureglur. Morgunblaðið aftur á móti birti til að byrja með engar fréttir af frásögn Fréttablaðsins af fundi ritstjórans með Kjartani Gunnarssyni og Jóni Steinari. Yfirlýsingar frá ritstjóranum og Kjartani voru láttnar duga í fyrsta blaði eftir að Fréttablaðið hóf sín skrif. Í öðru blaði var bara viðtal við Jóninu og ritstjórinn skrifaði opnu sem úrdráttur var úr á baksíðu. Á þriðja degi komst á forsiðu frásögn af einkaspæjara í Ameríku og inni í blaðinu var ítarleg frásögn af fundi starfsmanna með ritstjóranum. Hún þótti mér athyglisverð og einnig sú yfirlýsing ritstjórans að



Hjördís Finnbogadóttir flytur erindi á Siðaðþingi blaðamanna.

hann hefði haft upplýsingar um samráð oliufélaganna löngu áður en samkeppnisyfirkvöld fréttu af því. Hvað gerði hann við þá vitneskju?

Trúnaður blaða- og fréttamanna og yfirmanna þeirra verður alltaf númer eitt og tvö og þrjú að vera við lesendur, hlustendur og áhorfendur. Ef menn fara að efast um að svo sé, er viðkomandi fjölmiðill í vanda.

Nú er staðan sú að tvö útbreiddustu dagblöðin eru svo tengd inn í Baugsmálið að við lestur þeirra er rétt að hafa tengslin í huga. Bæði þarf að taka eftir því sem blöðin „segja“ og því sem þau „þegja um“.

Starfsmenn eru ekki öfundsverðir og mér hefur síðustu daga orðið hugsað sérstaklega til þeirra sem fjalla um pólitíkina. Hlutskipti þeirra er ekki öfundsvært þegar stjórnmálamenn „láta ganga róginn“.

En pólitík er ekki fag – og engar siðareglur þar.

Fréttablaðið var að vísu nokkuð heft vegna lögbanns. Ekki er vist að sú aðgerð hefði verið möguleg ef samþykkt hefði verið þingsályktunartillaga sem lögð var fyrir Alþingi 1995. Tilefnið var dómur Héraðsdóms um að Agnesi Bragadóttur væri skylt að greina frá heimildum sínum að greinaflokki í Morgunblaðinu um endalok Sambandsins og Landsbankann. Þingsályktunartillagan var um nefnd til að endurskoða lög um vernd trú-

aðarsambands fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra. Sérstaklega átti að leggja mat á það hvort þörf væri á frekari löggjöf til að tryggja aðstöðu blaðamanna og annars fjölmiðlafólks við starfa sinn, svo sem vernd þeirra gagna, sem fjölmiðlamenn komast yfir, vernd starfsstöðvar þeirra og fleira, gegn rannsóknaraðgerð yfirvalda. Flutningsmenn voru fimm þingmenn úr öllum flokkum sem þá áttu fulltrúa á Alþingi – nema Sjálfstæðisflokki.

Erfiðustu málin

Ég spurði í upphafi hver væru helstu vandamálin sem við stöndum frammi fyrir? Hvers konar aðstæður kölluðu á sérstaka aðgát og hver gætu verið rétt viðbrögð við þeim?

Almennt sýnist mér erfiðasti „síðavandi“ blaða- og fréttamanna tengjast því – annars vegar – þegar eftirlitskerfi samfélagsins hafa brugðist og – hins vegar – þegar átök í efnahagslífi og stjórnmálum verða svo hatrömm að líkja má við stríðsástand. Við þær aðstæður geta fjölmiðlar orðið leiksoppar – og jafnvel handbendi einstakra stríðsherra.

Dæmi um hið fyrra gæti verið mál Árna Johnsen, þar sem fjölmiðlar áttu drýggstan þátt í að upplýsa afbrot, sem eftirlitskerfi ríkisins hefðu að sjálf-sögðu átt að uppgötva og taka á með

viðeigandi hætti. Kerfið virðist ekki ráða við slík mál ef í hlut eiga valdamenn á borð við þingmenn. Svona mál eru siðferðilega mjög vandasöm fyrir fjölmiðla og auðvelt fyrir þá að misstiga sig. Jafnvel þótt reynt sé að fylgja öllum vandvirknis- og tillitssemireglum.

Annað dæmi er viðtæk fjármála-spilling kristilegra demókrata í Þýskalandi á dögum Kohls kanslara. Á níunda áratugnum var dregið fram í dagsljósið að stjórnmalamenn og flokkar hefðu tekið við háum upphæðum frá stórfyrirtækjum og þvættað féð í góðgerðarfélögum. Síðar fundust fúlgur á leynireikningum í Sviss og Liechtenstein. Meira en átján hundruð mál voru rannsökuð en þar sem „viðskiptin“ fóru oft fram með vitneskju og þöglu samþykki yfirvalda vildi botninn detta úr rannsóknunum. Aðeins tveir eða þrír hinna sérstöku „velgerðarmanna stjórnmalaflokkanna“ komu fyrir rétt og það var mokað yfir hvert hneykslið af öðru. Stjórnmalamenn reyndu jafnvel að setja lög til að komast hjá leiðindunum. Það var ekki fyrir en Kohl var hættur sem kanslari og orðinn svokallaður heiðursformaður flokksins að brotin höfðu afleiðingar fyrir hann. Upplýsingar um itrekuð lögbrot og stórfellt siðleysi valdamesta manns Þýskalands og náninna samstarfsmanna hans höfðu engar afleiðingar fyrir en komið var til valda í flokknum nýtt fólk á borð við Angelu Merkel, sem sá sér hag í hreingerningu eða taldi hana óumflýjanlega. Þá fengu fjölmiðlar upplýsingar sem ekki var hægt að sniðganga.

Síðari siðavandinn sem nefndur var áðan, upplifum við núna. Hatrómm átök í efnahagslífi og stjórnmalum, sem fjölmiðlar blandast inni. Ritstjóri Morgunblaðsins talaði um stríðsástand þegar árið 2003. Í Reykjavíkurbréfi fyrir tveimur vikum er talað um „eitraða blöndu ... þegar viðskiptahagsmunir, stjórnmalahagsmunir og fjölmiðlar koma saman í einn

stóran grautarpott, sem hrært er í frá degi til dags“. Formaður Samfylkingar ritaði svo grein í blaðið í vikunni og afgreiddi ritstjórnann, sem pólitískan andstæðing. Gera yrði þær kröfur til blaðsins að það tapaði ekki alveg áttum þótt ritstjórninni hefði gerst pólitískur leikstjórnandi í aðdraganda Baugsmálsins. Helsti leiðtogi Sjálfstæðismanna kaus svo að ljúka pólitískum ferli sínum með því að lýsa Samfylkinguna ómerkilegt dótturfélag Baugs.

Í ljósi þess sem gerst hefur á síðustu tveimur árum er eðlilegt að spurt sé hvort tilteknir fjölmiðlar séu svo tengdir einstökum fyrirtækjum, fyrirtækjasamsteypum og stjórnmalaoöflum í landinu að þeir séu ekki trúverðugir í ákveðnum málum? Flest okkar muna eftir flokksblöðunum, sem menn urðu að lesa með ákveðnum gleraugum vitandi að frásagnir voru oft áróðursblandnar. Og svo lengi sem ég man hafa ríkisstjórnarflokkar á hverjum tíma haft óæskilega mikil ítök í Ríkisútvarpinu, sérstaklega í gegnum ráðningar á fólki til starfa.

Ítök fyrirtækja

Hér er komið að kjarna málsins. Getur verið að ítök fyrirtækja, fjármálanna og stjórnmalaafla í fjölmiðlunum hindri að þeir ræki þá frumskyldu sína að upplýsa almenning á hlutlægan hátt um það sem er að gerast í samfélaginu? Getur verið að valdamenn í viðskiptum og stjórnmalum og spunakarlar þeirra komi í veg fyrir að sagt sé skilmerkilega og undanbragðalaust frá því helsta sem máli skiptir fyrir upplýsta umræðu, grundvöll lýðræðis í landinu? Er það mögulegt að sjálfritskoðun hafi veruleg áhrif á val, framsetningu og röðun fréttar? Er það hugsanlegt að tryggð einstakra fjölmiðlamanna við valdamenn sé svo „innmúruð og innvígð“ að þagað sé um mál sem þeim þykja óþægileg? Gutla fjölmiðlarnir bara á grunnmiðum og láta undirdjúpin

ókönnuð?

Ef menn treysta sér til að svara þessum spurningum neitandi erum við væntanlega bara í góðum málum. Ég treysti mér ekki til þess og óttast að rétt svar við einni spurningu eða fleirum kunni að hníga í hina áttina. Fréttaskrif geta verið óttalegur skitmokstur og sá sem heldur á skóflunni á auðvitað alltaf á hættu að fá á sig slettur. Á síðustu misserum höfum við orðið vitni að óvenjulega mörgum árekstrum valdamanna við fjölmiðla. Samskiptin hafa oft einkennst af vantrausti og sumar uppákomurnar hafa ábyggilega skert trúverðugleika bæði stjórnmalamanna og fjölmiðla.

Úrbætur

Á þessum vanda er engin töfralausn en ég ætla í lokin að nefna nokkur atriði sem gætu stuðlað að betri skikk.

Í fyrsta lagi eru siðareglur fjölmiðla langtímaverkefni sem stéttin þarf sameiginlega að vaka yfir. Þær eru fráleitt óþarfar nema við viljum leggja niður fagið og stéttina og láta blogg-arana um miðlunina. Það mætti hugsa sér sameiginlegan vettvang blaða- og fréttamanna til að ræða álitamál sem upp koma – ekki kærnefnd – heldur samstarf um að verja prinsippin sem tillitssemisreglan og vandvirknisreglan hvíla á. Ég held líka að við ættum að forðast að gera fréttir að afþreyingar- og skemmtiefni þótt gott sé að hafa eina og eina broslega með.

Í öðru lagi þarf að tryggja betur sjálfstæði ritstjórna. Reglur þar um eiga að vera skýrar eigendum og starfsfólki og öllum utanaðkomandi.

Í þriðja lagi verður afskiptum stjórnmalamanna af ráðningum hjá Ríkisútvarpinu að linna.

(Grein þessi er að stofni til erindi sem flutt var á Síðapingi BÍ og FF þann 15. 10 2005)

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands 1966-2005

– Róbert H. Haraldsson og Steinar Örn Atlason skrifa

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands hefur starfað í tæp fjörutíu ár. Nefndin hét upphaflega Siðareglunefnd og siðareglur þær sem hún úrskurðaði fyrst eftir voru samþykktar 9. maí árið 1965. Fyrsta kærán sem nefndin fjallaði um barst haustið 1966. Störf nefndarinnar voru ekki sýnileg almenningi fyrstu tvo áratuginna en árið 1985 var siðareglunum breytt og kveðið á um að birta ætti úrskurði nefndarinnar í hinum brotlega fjölmiðli undir vissum kringumstæðum. Frá þeim tíma hefur kærnum fjölgað mikið og hafa þær flestar orðið þrettán á einu ári. Í þessari grein verður veitt yfirlit yfir allan starfstíma nefndarinnar. Fyrst er stutt ágríp af þróun siðareglna B.Í., síðan er sjónum beint að kærnum og úrskurðum nefndarinnar, einnig er veitt yfirlit yfir þróun og edli þeirra mála sem siðanefndinni hafa borist. Einkum er hugað að samanburði á störfum nefndarinnar fyrir og eftir júní 1985 en þá voru samþykktar umtalsverðar breytingar á siðareglum B.Í.



Róbert H. Haraldsson.



Steinar Örn Atlason.


innar orðrétt sé brotið alvarlegt eða mjög alvarlegt. Jafnframt er skýrt tekið fram í 6. greininni að Siðanefnd getur lagt fram rökstutt álit á kæruefni þótt hvorki hinn kærði né ritstjóri/ ábyrgðarmaður blaðs séu félagar í B.Í. Önnur mikilvæg nýmæli í reglunum frá 1985 eru þau að formálsorðin, sem áður hvöttu félagar í B.Í. til að hafa jafnan í huga (eftirfarandi)

siðareglur B.Í., kveða nú á um að blaðamenn allra fjölmiðla skuli jafnan hafa „í huga grundvallarreglur mannglegra samskipta“. Þannig fá formálsorðin sjálfstætt siðferðilegt inntak og er hægt að vísa til þeirra í úrskurðum nefndarinnar. Fyrsta greinin breytist nánast ekkert árið 1985. Hún kveður sem fyrr á um að blaðamaður „leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu“. Hann forðist allt sem rýrt getur álit almennings á störfum blaðamanna og sýni drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga. Grein 2 í reglunum frá 1965 er brotin upp og verður hluti 2. og 3. greinar í nýju reglunum frá 1985, og 3. greinin er tekin upp í 4. grein nýju reglnanna. Þá er bætt við 5. greininni um hagsmunaágreiningu og að blaðamaður rugli ekki saman ritstjórnarlegu efni og auglýsingum.

Segja má að með breytingunum árið 1985 hafi siðareglurnar tekið á sig núverandi mynd. Greinunum hefur ekki fjölgað og 1., 2. og 4. grein hafa til dæmis ekkert breyst frá árinu 1985. Nokkrar mikilvægar breytingar á siðareglunum voru þó samþykktar á aðalfundi B.Í. árið 1988 og aftur árið 1991. Má þar helst nefna að árið 1988 er bætt við 5. greinina klausu um að siðareglur B.Í. setji ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum þar sem persónulegar skoðanir eru í fyrirrúmi. Og í 6. greininni er tekið upp ákvæði um að menn skuli leita leiðréttingar sinna mála hjá viðkomandi fjölmiðli

Siðareglur blaðamanna

Siðareglur B.Í. frá árinu 1965 samanstóðu af formálsorðum, þremur greinum og kafla um Viðurlög þar sem kveðið var á um að úrskurð Siðareglunefndar, ásamt rökstuðningi, skyldi birta í félagsbréfi B.Í. en að öðru leyti væri „óheimilt að skýra frá málum sem þessum opinberlega“. Á aðalfundi B.Í. 15. júní 1985 fær nefndin nafnið Siðanefnd B.Í. og nefndarmönnum er fjölgað úr þremur í fimm og greinunum úr þremur í sex, en 6. greinin byggist þó á Viðurlagagreininni frá 1965. Í 6. greininni eru meðal annars nýmæli um flokkun brota eftir edli þeirra og getur brot verið *óverulegt*, *ámælisvert*, *alvarlegt* eða *mjög alvarlegt*. Þá er þess krafist að viðkomandi fjölmiðill birti meginniðurstöðu nefndar-



Mynd 1. Mál sem fengið hafa umfjöllun hjá nefndinni (afturkallanir ekki með). Árin 1968 og 1974 voru engin mál.

áður en þeir kæra til Síðanefndar B.Í. Árið 1991 er síðan bætt við 6. greinina þeim fyrirvara að Síðanefndin geti úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarákvæðinu. Það ár er líka bætt við 6. greinina ákvæði um að kæra skuli berast nefndinni innan tveggja mánaða frá birtingu og einnig er gert að skilyrði að „mál vegna birtingarinnar [sé] ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma“. Við 3. greinina hefur aftur verið bætt orðum um úrvinnslu og framsetningu, en þau orð voru í 2. greininni frá 1965, dattu út árið 1985 en fá nýtt samhengi 1991. Loks má nefna að flokkurinn „óverulegt“ brot er felldur niður árið 1991 og er lægsta stig brots upp frá því áætlisvert. Eins og ráða má af þessu stutta ágripi er rauður þráður í síðareglum blaðamanna frá 1965 til þessa dags. Jafnvel þegar einstökum greinum hefur verið umbylt hafa ákvæði þeirra verið tekin upp í nýjum greinum. Þetta auðveldar samanburð á úrskurðum nefndarinnar á ólíkum tímabilum.

Vinnureglur fyrir Síðanefnd, sem eru alls 15, voru samþykktar árið 1990. Fram að þeim tíma var einungis kveðið á um vinnulag Síðanefndar í 6. greininni, og þar áður Viðurlagakafla reglnanna. Í vinnureglunum er einnig kveðið á um nánari kröfur til kæranda. Kæur skulu vera skriflegar, kæruefni afmarkað með augljósum hætti, og ljósrít af kærðri blaðgrein eða eftirrit kærðs efnis í útvarpi og sjónvarpi verður að fylgja kærinni.

Fjöldi mála

Alls hafa um 200 mál borist nefndinni á um fjórutíu ára starfstíma hennar. Þar af hafa 183 mál hlotið meðferð hjá henni. Munurinn stafar af því að í nokkrum tilvikum hafa kærendur afturkallað kæru sína áður en nefndin tók málið til umfjöllunar eða hafði fellt úrskurð sinn. Þá hefur það gerst nokkrum sinnum að formgallar hafa verið á kærum sem kærendur bættu ekki úr og því hefur málið ekki hlotið umfjöllun hjá nefndinni. Kærendur hafa til dæmis hvorki sinnt leiðréttingarákvæði né svarað fyrirspurnum Blaða-

mannafélagsins um það hvers vegna þeir hafi ekki leitað leiðréttingar sinna mála hjá viðkomandi fjölmiðli. Stöku sinnum er ekki fullljóst að um kæru hafi verið að ræða þar sem óljóst er að hverjum málið beinist og hvert er tilefni þess. Í þeim tilvikum eru mörkin á milli almennrar fyrirspurnar um störf blaðamanna og kæru óljós.

Í umfjöllun okkar er því gerður greinarmunur á málum sem ekki hljóta formlega umfjöllun hjá nefndinni (til dæmis vegna formgalla) og málum sem fá formlega umfjöllun hjá nefndinni, eins þótt niðurstaða hennar sé sú að vísa málinu frá (oftast með rökstuðningi). Einungis síðari tegundin af frávisunum er hér talin með.

Mál eru nokkru fleiri en kæur eða kærubréf. Fleira en eitt mál getur fallist

í kæru til Síðanefndar, einkum þegar fleiri en einn fjölmiðill er kærður. Dæmi eru um að fjórir fjölmiðlar hafi verið kærðir í einu og sama kærubréfinu og þó nokkur dæmi um tvo eða þrjá fjölmiðla. Í sumum þessara kærumála er úrskurður Síðanefndar ólíkur eftir fjölmiðlum. Í stöku tilvikum hefur kærubréf geymt tvær aðgreindar kæur á sama fjölmiðilinn og hefur Síðanefnd þá stundum fellt tvo úrskurði. Alls eru kæur fimmtán færri en mál. Á mynd 1 má sjá hvernig þessar 168 kæur og 183 mál dreifast eftir árum og er miðað við dagsetningu kærubréfs. Eins og sjá má er fjöldi kæra og mála oftast sá sami en í átta tilvikum eru mál þó fleiri en kæur og á þremur árum (1992, 2002 og 2003) er um tölverðan mun að ræða. Þegar þetta er skrifað er árið 2005 ekki liðið og tvö mál eru til afgreiðslu hjá nefndinni.

Fjöldi mála hefur aukist mjög síðustu tvo áratugi. Fyrir júní 1985 eru að meðaltali um 1,8 mál tekin fyrir hjá nefndinni á ári hverju en um 7,2 eftir júní 1985 og er það fjórföldun á fjölda mála. Fjöldi mála að meðaltali á ári hefur því aukist um 5,4 eftir að úrskurðir nefndarinnar voru gerðir opinberir. Sé miðað við fjölda kæra er aukningin um 4,8 kæur. Stafar munurinn af því, eins og sjá má á mynd 1, að flestar kæur sem geyma fleiri en eitt mál eru á síðara tímabilinu. Athygli vekur hve miklar sveiflur eru í fjölda mála milli ára, einkum hin síðari ár. Frá árinu 1990 er ekki ógengt að fjöldi mála sveiflist til um meira en 50% milli ára.


Hverjir kæra?

Frá 1965 hefur verið ákvæði um það í síðareglum blaðamanna að hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið síðareglur félagsins og hefur hagsmuna að gæta, geti kært meint brot til Síðanefndar B.Í. Í langflestum af þeim 168 kærum sem nefndin hefur fjallað um er augljóst að kærendur hafa hagsmuna að gæta þar sem kærð birting (frétt, grein eða önnur umfjöllun) er um þá sjálfa, fyrirtæki


þeirra eða skjólstæðinga. Í sumum tilvikum eru tengslin þó óbein eða óljós. Nokkuð er til dæmis um það að aðilar, ekki síst opinberir aðilar, hafi kært umfjöllun um tiltekinn málaflokk. Þannig hefur Barnaverndarnefnd kært umfjöllun um mál barna og unglunga, og Landlæknir umfjöllun um veikt fólk. Einnig eru dæmi um að nefndin hafi tekið til efnislegrar meðferðar kærumál þar sem kærandi hafði engra beinna hagsmuna að gæta. Siðanefnd hefur til dæmis tekið til umfjöllunar kærna vegna ummæla um minnihlutahóp þótt viðkomandi einstaklingar eða talsmenn hópsins hafi ekki lagt fram kærna. Nefndin hefur hins vegar að minnsta kosti þrisvar sinnum vísað frá kærna vegna þess að kærandi hafði ekki hagsmuna að gæta.

Á mynd 2 má sjá hvernig kærndur skiptast í flokka yfir allan starfstíma nefndarinnar. Rúmur helmingur af öllum kærnum (90 talsins) er lagður fram af einstaklingum en fjölmiðlafólk (27), félög (13), fyrirtæki (18) og opinberir aðilar (20) hafa lagt fram tæpan helming kærna. Þeir einstaklingar sem kært hafa eru sumir hverjir nafnkunnar eða þjóðþekktar persónur sem fjölmiðlar hafa beint kastljósi sínu að en algengara er þó að um sé að ræða lítt þekkt einstaklinga sem verða umfjöllunarefni fjölmiðla vegna tiltekinnna mála, svo sem saka- og refsímála, gjaldþrotamála eða nágrannaerja. Í öðrum tilvikum hafa kærndur orðið hluti af umfjöllun fjölmiðla nánast af tilviljun og án þess að tengjast viðkomandi fréttumfjöllun. Þetta gerist til dæmis þegar notuð er fréttamynd af fólki í verslunarferð í umfjöllun um kaupæði Íslendinga og „frumstæðar hvatir“ þeirra, eða þegar notaðar eru myndir af unglungum til að myndskreyta umfjöllun um vímuefnavanda ungu kynslóðarinnar. Fjölmiðlafólk sem kærir er, eins og gefur að skilja, að kærna störf annars fjölmiðlafólks og þá ekki síst á öðrum fjölmiðlum en það sjálft starfar á. Hins vegar hefur það gerst að fjölmiðlafólk kærir samstarfsfólk sitt og í tveimur tilvikum hefur yfirmaður fjölmiðils farið fram á að fréttaflutningur á hans eigin fjölmiðli yrði tekinn til skoðunar hjá Siðanefndinni.


Á mynd 2a má sjá flokkun þeirra sem leggja fram kærna fyrstu tvo áratugin. Athygli vekur að fjölmiðlafólk er stærsti hópur þeirra sem kærna á þessu tímabili, en rúmlega 40% af öllum kærnum koma frá þeim. Í flestum tilvikum er fjölmiðlafólk að kærna vegna ummæla annars fjölmiðlafólks um vinnubrögð þess og fréttaflutning. Skýrist þetta háa hlutfall fjölmiðlafólks í hópi kærnda ekki síst af sterkri stöðu flokksblaða á tímabilinu, og togstreitunni milli fjölmiðla sem henni fylgdi. Á mynd 2b má hins vegar sjá sambærilegar tölur fyrir síðara tímabilið. Eins og sjá má eru einstaklingar afgerandi meirihluti kærnda á síðari tímabilinu (80 af 134 kærndum). Þeir eru tæp 60% kærnda í stað 29% á fyrri tímabilinu. Samanburður á milli tímabilanna sýnir einnig að



Mynd 2. Hverjir kærna? 1966-2005.



Mynd 2a. Hverjir kærna? 1966-1985.




Mynd 2b. Hverjir kærna? 1985-2005.

fjölmiðlafólk hefur fallið úr rúmum 40% í tæp 10%, opinberir aðilar eru 12% af kærndum bæði tímabilin, félögum fækkar úr 12% í 7% en fyrirtækjum hefur fjölgað úr 6% í tæp 12%.

Hvað er kært?

Um tveir þriðju hlutar allra kærnumála sem borist hafa Siðanefndinni hafa beinst gegn prentmiðlum en tæpur þriðjungur gegn ljósvakamiðlum. Fjórum sinnum hafa netmiðlar verið kærðir og í þremur þessara tilvika er um netútgáfu prentmiðils að ræða. Tvívégis hefur kærna ekki beinst að




Mynd 3. Kærðir fjölmiðlar 1966-2005.

neinum sérstökum miðli og í einu tilviki var erlend fréttastofa kærð.


Á myndum 3a og 3b getur að líta nánari greiningu á þeim prent- og ljósvakamiðlum sem kærðir hafa verið.

Rétt er að taka fram að skilin á milli hjóðvarps og sjónvarps eru ekki alltaf skýr þar sem kærðu fréttæfni hjóðvarps og sjónvarps hefur í sumum tilvikum verið ritstýrt af sömu fréttastofu.


Á myndum 3c-f má sjá hvernig kærur skiptast niður á einstaka fjölmiðla. Bláa súlan sýnir fjölda kærumála en sú rauða brot. Þess ber að geta að hér er miðað við fjölda mála. Í nokkrum tilvikum hafa borist tvö aðgreind kærumál á sama fjölmiðil í einu og sama kærubréfinu. Sem dæmi




Mynd 3a. Kærðir prentmiðlar 1966-2005.




Mynd 3b. Kærðir ljósvakamiðlar 1966-2005.




Mynd 3c. Kærð dagblöð 1966-2005.



Mynd 3d. Kærð vikublöð 1966-2005.



Mynd 3e. Kærð tímarit 1966-2005.



Mynd 3f. Kærðir ljósvakamiðlar 1966-2005.

má nefna að árið 1983 er DV sýknað og úrskurðað brotlegt í sömu (tvíþættu) kærinni, og sama er að segja um Bylgjuna í máli frá árinu 1992. Hins vegar eru hér ekki taldar með afturkallaðar kærur eða kærur sem á voru alvarlegir formgallar, sem kærundur leitust ekki við að leiðrétta, en drjúgur hluti af þeim málum beindist gegn DV. Athyglisvert er hve hlutfall brota er lágt hjá þeim fjölmiðlum sem mest eru kærðir, og hlutfall sýknana og frávisana að sama skapi hátt. Í samanburði á kærðum fjölmiðlum verður að taka tillit til þess að þeir hafa starfað, eða störfuðu, í mislangan tíma af starfstíma Siðanefndar. *Morgunblaðið* og *Ríkisútvarpið* hafa starfað allt tímabilið og *Morgunblaðið* var til að mynda

fyrsti fjölmiðill sem kærður var og úrskurðaður brotlegur, og er það í fyrsta og eina skiptið sem blaðið hefur verið úrskurðað brotlegt. Aðrir fjölmiðlar hafa margir hverjir starfað í mun skemmri tíma, sumir í aðeins rúmt eitt ár.

Á mynd 4 getur að líta hvers konar fjölmiðlaefni hefur verið kært eða tengist kæruefni. Í flestum tilvikum er það fjölmiðlaefnið sjálft sem kært er en í sumum tilvikum beinist kærana ekki að birtu fjölmiðlaefni sem slíku, til dæmis þegar kært er vegna stolinnar fréttar eða trúnaðarbrests milli fjölmiðlamanns og viðmælanda hans. Í slíkum tilvikum höfum við engu að síður flokkað kærana eftir birtu efni sem tengist henni, hér frétt og viðtali.


Á myndum 4a og 4b getur að líta hvaða fjölmiðlaefni er kært eftir tímabilunum tveimur.

Meginbreytingin sem orðið hefur á milli tímabila er að kærnum vegna fastra þátta eða smádálka fækkar verulega (úr 36% kærnumála í 8%). Fréttir eru nokkurn veginn sama hlutfall af kærðu efni á báðum tímabilunum en greinum fjölgar úr 8% í 21%. Á síðara tímabilinu taka kærur til fjölbreyttara fjölmiðlaefnis, þá bætast meðal annars við leifarar, minningargrein, auglýsingar og dægurmálaefni sjónvarps og útvarps.


Á mynd 5 má sjá flokkun kæruefna eins og þau eru tilgreind í kærubréfi. Í sumum kærubréfum er afmörkun kæruefnis ekki ljós og er þá stuðst við úrskurði nefndarinnar til að afmarka það. Í mörgum kærubréfum eru fleira en eitt kæruefni. Litlar sem engar breytingar hafa orðið á hlutföllum kæruefna á milli tímabilanna 1966-1985 og 1985-2005.

Úrskurðir Siðanefndar


Fram til júní 1985 var Siðareglunefnd skipuð þremur einstaklingum en síðan þá hefur nefndin verið skipuð fimm einstaklingum og þar af er einn skipaður af útgefendum fjölmiðla og einn af Háskóla Íslands. Fjölmargir blaðamenn, ásamt nokkrum lögfræðingum og heimspekingum hafa átt sæti í nefndinni á starfstíma hennar hingað til.



Mynd 4. Kært fjölmiðlaefni 1966-2005.




Mynd 4a.



Mynd 4b.

Bjarni Sigurðsson guðfræðingur hefur starfað lengst allra sem formaður nefndarinnar og Þorsteinn Gylfason prófessor í heimspeki hefur næst lengst gegnt því hlutverki.

Siðanefndin hefur skilað einróma niðurstöðu í nær öllum tilvikum (sjá mynd 6). Aðeins fimm sinnum hefur það gerst að nefndin hefur klofnað og var það á árunum 1985 til 1990. Fjórum sinnum var ágreiningurinn um brot eða sýknu og kvað meirihluti í þremur af þeim tilvikum upp sýknuúrskurð en minnihluti taldi að um brot væri að ræða. Einu sinni hefur þessu verið öfugt farið. Í einu tilviki klofnaði nefndin vegna flokkunar brots, meirihluti úrskurðaði að




Mynd 5. Kæruefni 1966-2005.

brotið væri á mælisvert en minnihluti taldi brotið alvarlegt.


Sé lítið yfir allan starfstíma nefndarinnar, hafa úrskurðir hennar fallið nokkurn veginn í tvo jafna hluta. Í tæpum helmingi tilvika (87) hefur nefndin úrskurðað um brot en í rúmum helmingi mála hefur hún sýknað fjölmíðil (70) eða vísað máli frá (26). Á mynd 7 má sjá hlutfallslega skiptingu úrskurða nefndarinnar.

Mynd 7a og 7b má sýna hlutfallslega skiptingu úrskurða eftir tímabilum um tveimur.


Hlutfall frávisana hefur ekki breyst á milli tímabila en athygli vekur að hlutfall sýknana nær tvöfaldast á kostnað brota. Á myndum 8 og 8a má




Mynd 6. Úrskurðir nefndarinnar 1966-2005.




Mynd 7. Úrskurðir nefndarinnar 1966-2005.




Mynd 7a. Úrskurðir 1966-1985.



Mynd 7b. Úrskurðir 1985-2005.



Mynd 8. Hlutfall brota og sýknana.



Mynd 8a. Hlutfall brota og sýknana/frávisana.

sjá nánari útlistun á þessari þróun eftir fimm ára tímabilum.


Á þessum fimm ára tímabilum eru fjölmiðlar (fjölmiðlafólk) úrskurðaðir brotlegir í 60% tilvika eða oftar fram til ársins 1995 (tímabilið 1976-1980 eru engar sýknanir). Tímabilið 1996-2000 dettur þetta hlutfall niður í 30% en hækkar síðan lítillega aftur síðasta fimm ára tímabilið. Séu frávisanir teknar með (sjá mynd 8a) og horft til hlutfalls brota og sýkna/frávisana eru brot 50% eða meira fram til ársins 1995 en um 20% á tímabilinu 1996-2000 og 30% árin 2001-2005.

Ýmsar skýringar kunna að vera á þessari þróun. Nærtækast er ef til vill að benda á breytingar á siðareglum B.Í. Árið 1991 er flokkurinn óverulegt brot til dæmis aflagður. Ekki er ólíklegt að brot væru fleiri ef sá flokkur hefði verið til síðustu þrjú fimm ára tímabilin. Ástæða þessa er sú að oft er fundið að vinnubrögðum fjölmiðlafólks eða framsetningu fréttæfnis í úrskurðum nefndarinnar á þessum tímabilum jafnvel þótt sýknað sé. Þá má nefna að breytingar á siðareglum B.Í. hafa gefið Siðanefnd auknar heimildir til að vísa málum frá, meiri kröfur eru gerðar til kæranda sem ýmsir þeirra hafa ekki uppfyllt. Þeim er til dæmis gert að leita leiðréttinga sinna mála hjá viðkomandi fjölmiðli áður en þeir kæra og kærufrestur takmarkast við tvo mánuði frá birtingu kærðs efnis (og hefur því verið fylgt stift eftir). Auk þess hefur verið sett inn ákvæði til að vernda tjáningarfrelsi blaðamanna. Siðareglurnar ná þannig ekki til persónulegra skoðana sem blaðamaður setur fram í afmörkuðum þáttum í fjölmiðlum undir fullu nafni. Hefði þetta ákvæði verið til staðar á fyrri tímabilum hefðu brot hugsanlega verið lægra hlutfall af úrskurðum nefndarinnar.


Hvaða grein er brotin?

Í fyrsta málinu sem Siðareglunefnd fjallaði um var úrskurðað um brot án þess að ákveðin grein væri tilgreind. Slíkt heyrir þó til undantekninga því nálega alltaf hefur verið tilgreint í niðurstöðu nefndarinnar hvaða grein fjölmiðill hefur gerst brotlegur við. Í þeim fáu tilvikum þar sem greinin er ekki tilgreind bókstaflega er vísað til hennar efnislega í úrskurði nefndarinnar. Á mynd 9 má sjá hvaða grein er brotin samkvæmt úrskurði nefndarinnar á tímabilinu 1966-1985.

Sú dreifing sem sjá má á mynd 9 kemur ekki á óvart ef horft er til þeirra sem kæra til Siðareglunefndar á tímabil-




Mynd 9. Grein brotin 1966-1985.




Mynd 9a. Grein brotin 1966-1985 (samkvæmt nügildandi reglum).

inu, einkum þess hve hátt hlutfall kæranda er fjölmiðlafólk. Fyrsta greinin fjallar, eins og áður sagði, um sóma blaðamannastéttarinnar og drengskap í samskiptum blaðamanna. Eftir því sem fleiri fjölmiðlamenn kæra reynir oftar á þessa grein. Önnur greinin fjallar meðal annars um vönduð og heiðarleg vinnubrögð og að valda saklausu fólki ekki sársauka eða vanvirðu. Tvisvar reyndi á ákvæði 3. greinar um að hver maður sé talinn saklaus þar til sekt er sönnuð og að fjölmiðill meti hvenær almannahagsmunir krefjast nafnbirtingar.

Eins og áður sagði eru reglurnar frá 1965 og 1985 um margt líkar og þar sem breytingar hafa orðið má rekja hvernig ákvæði hafa verið flutt á milli greina. Í úrskurðum sínum á fyrri tímabilinu tilgreinir nefndin iðulega hvaða ákvæði siðareglanna er brotið. Af þessum ástæðum má ráða í það með nokkurri vissu hvaða grein, samkvæmt nügildandi reglum, var brotin í það og það skiptið á tímabilinu 1966-1985. Þetta gerir samanburð á tímabilunum



Mynd 9b. Grein brotin 1985-2005.



Mynd 9c. Greinar tilgreindar í kærubréfum 1985-2005.

mögulegan. Mynd 9a sýnir hvaða grein er brotin tímabilið 1966-1985 ef miðað er við núgildandi reglur. Í ljós kemur að oftast reynir á það ákvæði gömlu 2. greinarinnar sem kveður á um vonduð vinnubrögð og tillitssemi, ákvæði sem síðar er tekið upp í 3. grein nýju reglnanna.

Þetta er það ákvæði sem langmest hefur reynt á allan starfstíma nefndarinnar. Á mynd 9b má sjá til hvaða greina er vísað í úrskurðum nefndarinnar 1985-2005.

Eins og sjá má er 3. greinin nær allsráðandi í úrskurðum nefndarinnar. Í tæplega 80% tilvika er vísað til hennar einnar í úrskurðunum og hún kemur við sögu í 97% mála þar sem fjölmiðill er úrskurðaður brotlegur. Aðeins í tveimur tilvikum er fjölmiðill úrskurðaður brotlegur án þess að vísað sé til 3. greinar. Í öðru tilvikinu er vísað til ákvæðis 5. greinar um hagsmunaaðreksstra og í hinu til formálsorðanna um að blaðamenn allra fjölmiðla virði grundvallarreglur mannglegra samskipta. Athygli vekur að aldrei er vísað til 1. greinarinnar einnar þótt vísað sé til hennar fjór-

um sinnum ásamt 3. greininni. Hér er um mikla breytingu að ræða frá fyrra tímabilinu.

Þótt fæstum af þeim sem þekkja eitthvað til úrskurða Siðanefndar komi á óvart að 3. greinin hafi reynst mikilvægasta grein reglnanna þá hlýtur að koma á óvart hve yfirgnæfandi hún er samanborið við aðrar greinar. Ýmsar skýringar koma til greina. Fyrst ber að líta til greinarinnar sjálfrar. Hún er svohljóðandi:

Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.


Þótt greinin sé knöpp þá spannar hún æði breitt siðferðilegt svið þar sem hún kveður í senn á um vandvirkni og tillitssemi. Í siðareglum ýmissa erlendra samtaka blaðamanna, svo sem hinna norsku, eru fjölmörg ákvæði og margar ólíkar greinar sem svara til hinnar íslensku 3. greinar. Þar sem aðrar greinar í siðareglum B.Í. geyma ekki þau ítarlegu ákvæði um siðferði blaðamanna sem oft er að finna í sambærilegum erlendum siðareglum er ekki óeðlilegt að Siðanefnd B.Í. vísi svo oft til þessa almenna ákvæðis í úrskurðum sínum.

Annað sem ber að hafa í huga er að skilin á milli greina í siðareglum B.Í. eru ekki alltaf skýr og afdráttarlaus. Greinarnar skarast og stundum er erfitt að glöggva sig á samhengi í

úrskurðum nefndarinnar yfir ólík tímabil. Þannig hefur til dæmis tvívegis verið vísað til formálans í úrskurði þegar blaðamenn hafa verið áminntir um að segja sannleikann eða að halda gefið loforð við viðmælanda, en sannsögli og orðheldni teljast til grundvallarreglna mannglegra samskipta. Ljóst er að vísa hefði mátt til sama ákvæðis í öðrum úrskurðum þar sem nefndin lét nægja að nefna 3. greinina. Eins hefði nefndin hæglega geta vísað oftast til þess ákvæðis 1. greinar að blaðamaður forðist hvaðeina sem rýrt getur álit almennings á starfi blaðamanns. Það ákvæði er þó ennþá almennara en ákvæði 3. greinar.

Þegar spurt er hvers vegna 3. greinin er svo allsráðandi sem raun ber vitni er vitaskuld nauðsynlegt að huga að því hvaða grein kærendur sjálfir, eða lögmenn þeirra, nefna í kærnum sínum. Hefur 3. greinin viðlíka stöðu í bréfum kæranda og hún hefur haft í úrskurðum Siðanefndar?

Á mynd 9c getur að líta hvaða grein kærendur vísa til í kærubréfum sínum á tímabilinu 1985-2005. Eins og sjá má



Mynd 10. Flokkun brota 1985-2005.

er algengt að kærundur nefni enga grein siðareglna. Hins vegar nefna þeir tiltekna grein í meirihluta tilvika og/eða vísa beint til ákvæða hennar, til dæmis með því að vitna orðrétt til hennar eða endursegja hana nákvæmlega. Þótt mest sé vísað til 3. greinar er þó töluvert vísað til annarra greina, eða í helmingi tilvika þar sem vísað er til tiltekinnar greinar. Þess ber að geta að oft er vísað til fleiri en einnar greinar í sama kærubréfinu. Kærubréfin ein og sér skýra því ekki stöðu 3. greinarinnar á tímabilinu.

Eins og áður sagði var flokkun brota tekin upp með nýju siðareglunum 1985. Á mynd 10 má sjá hvernig úrskurðir nefndarinnar skiptast niður í flokka.

Fimm sinnum, eða í 8% tilvika, hefur Siðanefnd úrskurðað að fjölmiðill (fjölmiðlafólk) hafi brotið mjög alvarlega gegn siðareglum B.Í. en í 24 tilvikum hefur fjölmiðill gerst alvarlega brotlegur við siðareglurnar. En sé brot alvarlegt eða mjög alvarlegt hefur brotlegum fjölmiðli verið gert að birta úrskurð nefndarinnar, eða, í seinni tíð, hefur þess að minnsta kosti verið óskað.

Niðurstöður

Hér að framan höfum við rakið okkur eftir meginlinum þeim er birtast í þróun Siðanefndar B.Í. og liggja í gegnum úrskurði hennar. Við höfum tíundað tengsl fjölmiðla, fjölmiðlaefnis og kærufna ásamt því að greina hvernig úrskurðir nefndarinnar falla, og taka breytingum á milli ólíkra tímabila. Jafnframt höfum við útlistað á hvaða hátt siðareglurnar sjálfar birtast í kærubréfum og úrskurðum, sem og til hvaða þátta þær taka í bréfum kæranda.

Þegar raktar eru meginlinur í starfi Siðanefndar koma í ljós eftirfarandi niðurstöður:

- Kærumálum til Siðanefndar fjölgar mjög um og eftir 1985, en miklar sveiflur eru í fjölda mála milli ára á tímabilinu 1985-2005.
- Siðanefndin er oftast einróma í úrskurðum sínum.
- Sýknunum fjölgar hlutfallslega eftir 1985 en brotum fækkar.

- Einstaklingum í hópi kæranda fjölgar hlutfallslega eftir 1985 en fjölmiðlafólki fækkar.
- 3. greinin verður nær allsráðandi í úrskurðum nefndarinnar á tímabilinu 1985-2005.
- Fastir dálkar eru áberandi í kærðu fjölmiðlaefni 1966-1985 en ekki á síðara tímabilinu.

Óvarlegt er að draga of almennar ályktanir af þessum niðurstöðum. Fyrst þyrfti að skoða þær breytingar sem orðið hafa á ytra umhverfi fjölmiðla síðustu 40 ár, og einnig er nauðsynlegt að huga að því hvernig hugmyndir blaðamanna og almennings um það hvað sé boðlegt efni í fjölmiðlum hafa breyst á tímabilinu. En fyrstu niðurstöður af þessari samantekt virðast

samt sýna að miklar breytingar hafa orðið á störfum og starfsumhverfi Siðanefndarinnar. Á fyrra tímabilinu, 1966-1985, má segja að særðir fjölmiðlamenn séu mest áberandi í hópi kæranda en á síðara tímabilinu, 1985-2005, er uppistaðan í hópi kæranda særðir einstaklingar sem telja að þeir hafi fengið ranga, meiðandi eða skaðlega umfjöllun í fjölmiðlum. Þessum særðu einstaklingum reynist hins vegar sífellt erfiðara að fá fram úrskurð sér í hag, og nú er svo komið að fjölmiðlar eru syknadír í miklum meirihluta mála. Erfitt er að segja til um hvort þessi þróun tengist því að 3. grein siðareglunnanna gnæfir nú yfir aðrar greinar í úrskurðum nefndarinnar. Velta má upp þeirri spurningu hvort þróunin væri önnur ef hin fjölmörgu ákvæði sem í reynd leynast á bak við almenn ákvæði 3. greinarinnar væru útlistuð og tíunduð sérstaklega í siðareglunum. Athyglisvert er hve hátt *hlutfall* syknana er hjá þeim fjölmiðlum sem oftast eru kærðir. Þær syknanir eiga oft rétt á sér. Ýmsar kærur hafa ekki verið á rökum reistar. Hins vegar vekur þetta háa hlutfall syknana upp að minnsta kosti tvenns konar spurningar. Annars vegar vaknar sú spurning hvort Siðanefnd hafi sýnt linkind gagnvart þeim fjölmiðlum sem eru oftast á gráu svæði. Hins vegar má spyrja hvers vegna einstaklingar og aðrir kæra þessa fjölmiðla svo oft sem raun ber vitni. Er þeir óþarflega viðkvæmir í málum sem standa þeim sjálfum svo nærri eða hafa þeir aðrar hugmyndir um vandaða blaðamennsku en Siðanefndin. Svör við þessum spurningum verða að bíða betri tíma.

Grein þessi byggist á rannsókn sem Kristnihátíðarsjóður hefur styrkt. Við viljum sérstaklega þakka Hjálmari Jónssyni, framkvæmdastjóra Blaðamannafélags Íslands fyrir margvíslega hjálp og liðlegheit. Elías Snæland Jónsson tók saman ítarlegar og nákvæmar upplýsingar um störf nefndarinnar til ársins 1990 og hefur samantekt hans gagnast okkur á ýmsan máta. Kunnum við honum bestu þakkir fyrir.



Nýir samningar



Eftir
Örnú Schram
formann BÍ

Samkvæmt kjarasamningi milli Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins hækka öll laun og kjartengdir liðir um 4% frá og með 1. desember. Á sama tíma hækka launataxtar félagsins um rúmlega tíu til átján prósent. Þá verða áfangahækkanir

1. janúar 2007 og 1. janúar 2008. Eins og aðrir á vinnumarkaði fá blaðamenn, sem hafa verið í fullu starfi allt árið hjá sama fyrirtæki, 26 þúsund króna eingreiðslu eigi síðar en 15. desember. Aukinheldur fá blaðamenn, samkvæmt samningnum, 35 þúsund króna eingreiðslu í desember 2006. Þessar eingreiðslur koma til viðbótar desemberuppbót sem er 40 þúsund á þessu ári og 40 þúsund á því næsta. Í kjarasamningnum eru einnig gerðar breytingar á endurgreiðslu útlagðs kostnaðar og á veikindarétti.

Séu dæmi tekin af breytingum á launataxta, þá hækka grunnlaun blaðamanns með háskólapróf, BA eða sambærilegt nám, eftir eins árs starfsreynslu úr 185.525 kr. á mánuði í

207.500 kr. á mánuði eða um tæplega 22 þúsund krónur frá og með 1. desember. Grunnlaun blaðamanns, eftir eins árs starfsreynslu, án háskólaprófs, hækkar samkvæmt nýjum launataxta úr 157.416 í 178.065 eða um rétt rúmar 20.600 krónur. Þá bætist við nýr flokkur fyrir blaðamenn með MA, MS, MBA eða sambærilegt próf. Samkvæmt taxta er sá blaðamaður með 3,75% hærri laun en blaðamaður í flokki fyrir neðan.

Því má bæta við áður en lengra er haldið að blaðamaður án háskólaprófs fer, skv. nýja kjarasamningnum, fyrr upp í næsta launaflokk fyrir ofan en áður.

Í nýja samningnum hækkar hann um launaflokk eftir sjö ár, en í gamla samningnum hækkaði hann ekki fyrr



Frá atkvæðagreiðslu um kjarasamningana.



Frá undirskrift kjarasamninganna.

en eftir tíu ár. Það þýðir í krónum talið að grunnlaun blaðamanns án háskólaprófs voru skv. gamla taxtakkerfinu 185.525 eftir sjö ár en verða skv. nýja taxtanum 231.730 eftir sjö ár. Það er hækkun upp á rúmlega 46 þúsund krónur á mánuði.

Í nýjum kjarasamningi voru gerðar breytingar á starfsaldurshækkunum, þ.e. þær voru að meðaltali um 2,8% en verða nú um 3,7%. Það þýðir að þeir sem eru í efstu starfsaldursþrepum hækka hlutfallslega meira en þeir sem eru neðar. Tökum dæmi: Grunnlaun blaðamanns skv. gamla taxtanum eftir sextán ár voru 219.257 á mánuði. Þau verða 258.790 á mánuði. Það er hækkun upp á rúmlega 39.500 kr. á mánuði. Grunnlaun blaðamanns í efsta aldursþrepi, með álagi, voru skv. gamla taxtanum 271.879 þúsund kr. á mánuði en verða skv. nýja taxtanum 313.136 þúsund kr. á mánuði. Álag lækkar hins vegar um þrjú prósent.

Kjarasamningur BÍ við SA vegna 365 ljósvakamiðla tekur mið af þess-

um samningi sem hér hefur verið lýst, að nokkru leyti. Blaðamenn eru hvattir til að kynna sér vel kjör þeirra og réttindi samkvæmt samningunum. Séu blaðamenn á svonefndum fastlaunasamningi eru þeir hvattir til þess að kynna sér nákvæmlega hvað felst í slíkum samningi. Með hækkun launataxtans hækkar t.d. hlutfall grunnlauna í fastlaunasamningnum og svonefndur bónus eða greiðslur vegna yfirvinnutíma skerðast á móti. Það gæti t.d. þýtt að færri yfirvinnustundir eru í fastlaunasamningnum en áður. Í slíkum tilvikum þarf blaðamaður að fylgjast með yfirvinnustundum sínum og sækjast eftir því að greiðslum fyrir þær verði bætt við fastlaunasamninginn ella hætti hann að vinna fyrir á daginn.

Kjarasamningarnir vegna prentmiðlanna annars vegar og ljósvakamiðlanna hins vegar voru kynntir og samþykktir í almennri atkvæðagreiðslu á félagsfundi fyrir í desember. Á kjörskrá um almennan kjarasamning BÍ og SA voru 204.

Atkvæði greiddu 57 eða 28%. Atkvæði féllu þannig að já sögðu 42 eða 73,5% og nei sögðu 14 eða 24,5%. Einn seðill var auður. Ekki var þátttakan eins mikil um ljósvakasamninginn; einn sagði já, og þrír skiluðu auðu. BÍ hefur einnig gert samning við Fróða og var sá samningur samþykktur með nær öllum greiddum atkvæðum; einn skilaði auðu.

Sá samningur sem hér hefur verið til umfjöllunar og samninganefnd BÍ lagði til að yrði samþykktur er ákveðin millilending í samningaviðræðunum.

Nefndin mat það svo að ekki yrði náð lengra, án átaka. Sumar af kröfum samninganefndarinnar voru samþykktar, aðrar ekki. Nefndin lagði til að mynda áherslu á hækkun launataxtans, ekki síst í ljósi þess að um fjórðungur kvenna í stéttinni er með heildarlaun í kringum 200 þúsund á mánuði (þær eru lægri en karlar). Ég tel að við séum að hækka laun þessa hóps verulega með nýjum samningi.

Hinn íslenski blaðamaður

Ef tveir dæmigerðir íslenskir blaðamenn hittast eru yfirgnæfandi líkur á að annar sé karl og hinn kona. Það eru nokkru meiri líkur á að konan sé með háskólamenntun þó trúlegt sé að þau hafi bæði einhverja prófgráðu. Það eru talsverðar líkur á að í það minnsta annað þeirra gegni vaktstjórastarfi eða einhverju öðru ábyrgðar- eða yfirmannsstarfi á ritstjórninni sem þau vinna á. Jafnframt er líklegt að þessa yfirmannsstöðu þeirra megi að einhverju leyti rekja til háskólamenntunar þeirra. Mestar líkur eru á að hvorugt þeirra hafi starfað lengur í blaðamennsku en 10 ár, og ef annað þeirra hefur verið meira en áratug í faginu, þá trúlega að það hafi verið karlinn.

Þessar upplýsingar má lesa úr þeim bakgrunnsbreytum sem skoðaðar voru í kjarakönnun sem fyrirtækið Intellecta gerði fyrir Blaða-

mannafélag Íslands við undirbúning kjarasamninganna sem skrifað var undir í lok nóvember.


Könnunin var lokuð vefkönnun sem var framkvæmd síðari hluta september 2005 og var stærð úrtaksins 304 fullgildir félagsmenn í Blaðamannafélagi Íslands. Ónothæf netföng reyndust 9, þannig að endanleg stærð úrtaks var 295. Fjöldi svara var 172 og svarhlutfallið því rétt rúm 58%. Blaðamaðurinn óskaði eftir því að fá nokkrar af bakgrunnsbreytunum sameyrðar til þess að freista þess að draga upp mynd af íslenskri blaðamannastétt í upphafi 21. aldarinnar, en til þessa hafa ekki verið teknar saman tölfærðilegar niðurstöður af þessu tagi um stéttina sjálfa, samsetningu hennar, menntun og ýmis einkenni. Hér á eftir fara nokkrar af þessum upplýsingum úr gögnum Intellecta.

Kynjahlutfall – menntun

Miðað við þessa tilteknu könnun eru heldur fleiri karlar en konur blaðamenn. Hlutfall kynjanna er 54% karlar á móti 46% hlut kvenna. Ef skoðuð er staða kynjanna í blaðamannastétt gagnvart menntun kemur í ljós að konur eru heldur menntaðri en karlarnir. Af öllum blaðamönnum eru um 63,2% með háskólagráðu, þ.e. annaðhvort BA/BS próf eða þá hærri gráðu. Þetta hlutfall er þó heldur lægra hjá körlum í blaðamannastétt, en rúmlega 59% karl- blaðamanna eru með háskólapróf en um 67,5% kvenna í stéttinni eru með háskólapróf. (Sjá mynd 1.)

Margir í ábyrgðarstöðum

Það vekur athygli að einungis um 64,5% blaðamanna skilgreina sig sem almenna blaðamenn. Í könnuninni skilgreindu 8,4% sig sem „vaktstjóra“ og



27,1% kvaðst vera í „öðru ábyrgðar- eða yfirmannsstarfi“. Spurt var sérstaklega um þessa flokkaskiptingu. Það kemur þægilega á óvart að kynjaskiptingin í þessum flokkum er ekki áberandi ójöfn. Örlítið fleiri konur en karlar eru að vísu í hópi almennra blaðamanna og vaktstjóra, en nánast sömu hlutföll af kvenblaðamönnum og karlblaðamönnum eru í „öðrum ábyrgðar- eða yfirmannsstarfum“. (Sjá mynd 2)

Ábyrgð og menntun

Greinilegt er að menntun blaðamanna skiptir máli um það hvar þeir eru á ritstjórnunum. Þannig er áberandi að meirihluti yfirmanna, vaktstjóra eða þeirra sem eru í öðru ábyrgðar- eða yfirmannsstarfi hefur háskólapróf. Sömu leiðist er hátt hlutfall (32,4%) þeirra sem hafa t.d. masters- eða lengra nám að baki í einhvers konar yfirmanns eða ábyrgðarstöðu. (Sjá mynd 3)


Starfsaldur

Blaðamannastéttin hefur ákaflega dreifðan starfsaldur. Flestir hafa þó verið blaðamenn á bilinu frá einu og upp í fimm ár eða um 28,4% stéttarinnar en næstflestar eða 21,3% í 6-10 ár. Þá hafa 11,2% blaðamanna ekki náð að vera í starfi í heilt ár og því eru rétt um 60% stéttarinnar með innan við 10 ára starfsreynslu en hin 40% hafa þá lengri reynslu.

Athygli vekur að sá hluti stéttarinnar sem minni starfsreynslu hefur er með mun meiri menntun en þeir sem eldri eru í hettunni og þannig eru um 40% þeirra blaðamanna sem eru með MA-próf eða hærri gráðu, einungis búnir að vera blaðamenn í 1-5 ár og sambærileg tala fyrir blaðamenn með BA/BS-gráðu er tæp 32%. Til samanburðar eru einungis um 8,6% þeirra sem starfað hafa lengur en 20 ár í blaðamennsku með MA/MS-próf. (sjá mynd 4)

Þá er athyglisvert að sjá að konur eru heldur fjölmennari í þeim hópi sem unnið hefur 1-10 ár á fjölmiðlum en karlar sem hafa sama starfsaldur. Karlar eru hins vegar fjölmennari í þeim hópi sem er með lengri starfsaldur. (sjá mynd 5)

2. Kyn og yfirmenn/ábyrgðarstöður (2)



3. Menntun og yfirmenn/ábyrgðarstöður

	Heldarfjöldi svara	Almennur blaða- / fréttamaður	Vaktstjóri	Annar ábyrgðar- eða yfirmannsstarf
Allir	167	107	14	46
	100%	64,1%	8,4%	27,6%
Menntun:				
Grunnskólapróf	9	6	0	3
Grunnskólapróf	100%	66,7%	0,0%	33,3%
Stúdentspróf	53	19	7	7
Stúdentspróf	100%	57,6%	21,2%	21,2%
BA / BS	71	50	6	16
BA / BS	100%	70,4%	7,0%	22,6%
MA / MS eða lengra nám	34	21	2	11
MA / MS eða lengra nám	100%	61,8%	6,9%	32,4%
Öðru	20	11	0	9
Öðru	100%	55,0%	0,0%	45,0%

4. Starfsaldur og menntun

	Fjöldi svara (n)	Stærð á milli 1-5 á	1-5 á	6-10 á	11-15 á	16-20 á	20 á eða lengur
Allir	167	19	46	50	18	25	28
	100%	11,2%	28,4%	21,3%	8,9%	14,9%	16,4%
Menntun:							
Grunnskólapróf	9	2	1	1	2	1	2
Grunnskólapróf	100%	22,2%	11,1%	11,1%	22,2%	11,1%	22,2%
Stúdentspróf	53	9	9	9	7	4	5
Stúdentspróf	100%	16,9%	16,9%	16,9%	13,2%	7,5%	9,4%
BA / BS	71	6	23	17	7	8	8
BA / BS	100%	11,1%	32,8%	23,9%	9,9%	11,3%	11,3%
MA / MS eða lengra nám	34	6	6	6	3	6	3
MA / MS eða lengra nám	100%	17,6%	17,6%	17,6%	8,8%	17,6%	8,8%
Öðru	20	1	1	4	1	1	1
Öðru	100%	5,0%	5,0%	20,0%	5,0%	5,0%	5,0%

5. Starfsaldur og kyn

	Fjöldi svara (n)	Stærð á milli 1-5 á	1-5 á	6-10 á	11-15 á	16-20 á	20 á eða lengur
Allir	167	19	46	50	18	25	28
	100%	11,2%	28,4%	21,3%	8,9%	14,9%	16,4%
Kyn:							
Karl	92	12	23	17	10	14	16
Karl	100%	13,0%	25,0%	18,5%	10,9%	15,2%	17,4%
Kona	75	7	23	33	8	11	12
Kona	100%	9,3%	30,7%	44,0%	10,7%	14,7%	15,6%



Lið Fréttablaðsins að móti loknu – með sigurbros á vör.

Mynd: GVA

Fréttablaðið fjölmiðla- meistari

Fréttablaðið kom sá og sigraði á hinu árlega fjölmiðlamóti í knattspyrnu sem haldið var fyrr í vetur. Þetta er í fyrsta sinn sem Fréttablaðið nær þessum árangri en lið Fréttablaðsins sigraði lið Stöðvar 2 í úrslitaleik með 2 mörkum gegn einu. Það voru svo lið Fróða og Skinfaxa sem kepptu um 3.-4. sætið og lyktaði þeirri viðureign með sigri Fróða sem endaði þar með í brons-sætinu. Þátttaka var góð í mótinu og mikil stemning.

Aðalfundur BÍ



2006

Fimmtudaginn 19. apríl
kl. 20:00 á Grand hótél

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands árið 2006 verður haldinn fimmtudaginn 19. apríl nk. á Grand hótél við Sigtún í Reykjavík og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20:00.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf
Skýrslur frá starfsnefndum
Kosningar
Önnur mál

BÍ-félagar
eru hvattir
til að mæta



DV ekki brotlegt

Mál nr. 4 2005/2006

Kærandi:

Harpa Haraldsdóttir Kruger.

Kærði:

Eiríkur Jónsson, blaðamaður á DV.

Kæruefni:

Frétt DV um ómeðvitaða þungun og barnsburð kæranda.

Málavextir:

Mál þetta barst siðanefnd Blaðamannafélags Íslands í bréfi dagsettu 10. september 2005. Óskað var eftir viðbrögðum kærða, DV, og bárust þau frá lögfræðingi DV í bréfi dagsettu 17. október 2005. Siðanefndin fjallaði um málið á fundum sínum 24. október og 14. nóvember 2005. Vegna kröfu kærða um frávisun málsins á grundvelli þess að kærandi hefði ekki leitað leiðréttingar mála sinna, var kæranda send fyrirspurn um þann þátt málsins. Barst nefndinni svar dagsett 31. október.

Í kærinni kemur fram að kærandi er ósáttur við frétt DV um þungun sína og fæðingu sonar síns, en kærandi hafði ekki vitað af þungun sinni. Kærandi hafði áður birt frásögn af atburðinum á netinu. Kæran beinist að Eiríki Jónssyni, blaðamanni DV, sem hringdi í kæranda til að fá nánari fréttir af atburðinum og mynd af barninu og móður þess. Kærandi neitaði að tala um atburðinn og vildi ekki myndatöku og bað Eirík að segja ekki frá honum í blaðinu. Engu að síður birtist frásögn í DV um atburðinn tveimur dögum síðar. Sú frétt var byggð á frá-

sögn kæranda á heimasíðunni barnaland.is.

DV krafðist frávisunar vegna vanreifunar málsins og því að ekki var nefnd sú grein siðareglna sem kærandi taldi hafa verið brotna, auk þess að kærandi hafði ekki leitað leiðréttingar mála sinna hjá DV. Óskað var viðbragða kæranda við því. Í þeim viðbrögðum segir meðal annars svo: „Að sjálfsgöðu reyndi ég ekki að fá fram leiðréttingu á umfjöllun hjá viðkomandi fjölmiðli, þar með væri ég að samþykkja þessa „frétt“, sem ég gaf ekki leyfi til að yrði birt, þannig að ég óska eftir að mér verði veitt undanþága, sbr. 3.mgr./ 6.gr.siðareglna BÍ.“

Umfjöllun:

Siðanefnd hefur farið yfir kærana og svar DV við henni. Kæran er ekki að öllu leyti skýr. Hins vegar telur siðanefnd að ekki sé ástæða til að krefjast þess að almenningur hafi þekkingu til þess að byggja upp kæru samkvæmt hugsanlegum itrustu kröfum og nefna þar hvaða reglur kunni að hafa verið brotnar. Siðanefnd telur einnig að skilyrði þess að kærandi leiti fyrst leiðréttingar mála sinna eigi ekki við í þessu tilfelli, því í raun sé ekki hægt að leiðrétta fréttina. Nefndin fellst þar á rök kæranda.

Í svari lögfræðings DV er farið fram á það að kærinni verði vísað frá vegna vanreifunar og til vara að niðurstaða siðanefndar verði sú að ekki hafi verið framið brot með birtingu fréttarinnar, enda hafi frásögnin verið rétt. Kærandi birti frásögn af ómeðvitaðri þungun sinni og fæðingu sonar á opinberri heimasíðu, barnaland.is, án þess að aðgangur að henni væri læstur. Þar með var kærandi búinn að

segja sögu sína á opinberum vettvangi og gat eftir það tæpast amast við því að fjölmiðlar tækju málið upp.

Um þetta atriði segir kærandi í bréfi sínu dagsettu 31. október: „Í höfundarréttarlögum er skýrt tekið fram að verk sem birt eru á netinu, er einungis heimilt að lesa af skjá skv. höfundarlögum, útprentun, geymsla, áframsending eða önnur notkun efnisins er því óheimil nema komi til ótvírátt samþykki réttihafa eða sérstök lagaheimild.“

Þetta ákvæði var brotið af Eiríki Jónssyni blaðamanni DV. Hann sem starfandi blaðamaður til fjölda ára á að vita að, NEI ÞÝÐIR NEI. “ (Leturbreytingar eru kæranda.)

Sú hefð hefur skapast að fjölmiðlar taki efni upp af opnum heimasíðum fyrirtækja og einstaklinga til birtingar og geti þar heimilda. Telur siðanefnd að DV hafi ekki brotið siðareglur BÍ með því að taka upp efnið af síðunni barnaland.is. Efni birt á netinu með þessum hætti er öllum aðgengilegt og hlýtur því að teljast opinbert, enda birt með vilja þess, sem setur efnið þar inn.

Umfjöllun DV brýtur því ekki í bága við siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Hins vegar bendir siðanefnd á að í henni séu rangfærslur sem bendi ekki til vandaðra vinnubragða.

Úrskurður:

DV telst ekki hafa brotið gegn siðareglum Blaðamannafélags Íslands.

*Kristinn Hallgrímsson;
Hjörtur Gíslason;
Sigurveig Jónsdóttir;
Brynhildur Ólafsdóttir;
Salvör Nordal*

DV ekki brotlegt

Mál nr. 5 2005/2006

Kærandi:

Runólfur Gunnlaugsson.

Kærðu:

Jakob Bjarnar Grétarsson, blaðamaður DV og Jónas Kristjánsson, ritstjóri DV.

Kæruefni:

Fréttaflutningur DV um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur að því er varðar kæranda. Kærð er umfjöllunin á forsiðu DV hinn 05.10.2005 þar sem sagt er að gjaldkeri félags fasteignasala hafi selt ósamþykktu íbúð sem samþykktu og hafi verið dæmdur til að greiða 1,3 milljónir í bætur.

Málsmeðferð:

Málið er kært með bréfi til siðanefndar, dagsettu 27. okt. 2005. Bréfinu fylgir ljósrit af forsiðu DV þennan umrædda dag, 5. okt. 2005; tölvupóstur kæranda til ritstjóra DV, dagsettur 11. okt. 2005 þar sem krafist er afsökunarbeiðni á framsetningu fréttarinnar á forsiðu blaðsins og svar ritstjóra, dagsett 18. okt. 2005; auk greinar eftir Óla Tynes, fréttamann, sem birtist í Morgunblaðinu 7. okt. 2005 og fjallar almennt um réttindi fólks til að verjast blaðamönnum. Sjónarmið Jakobs Bjarnars Grétarssonar, blaðamanns DV, bærust siðanefnd í bréfi dagsettu 16. nóv. 2005 og sjónarmið ritstjórnar DV barst frá lögmanni DV í bréfi dagsettu 22. nóv. 2005. Kærandi Runólfur Gunnlaugsson, óskaði eftir því að koma á fund Siðanefndar til að skýra mál sitt enn frekar og sat fund með

nefndinni þann 12. des. 2005. Siðanefnd Blaðamannafélagsins fjallaði um málið á fundum þann 14. nóv., 12. des. 2005 og 9. jan. 2006.

Málavextir:

Kærandi segir í kæru sinni að á forsiðu DV sé „afar ósmekklegr myndbirting“ af kæranda „þar sem rauður hringur var dreginn líkt og hengingaról um háls undirritaðs ásamt orðinu „sekur“ með stórum stöfum undir myndinni.“ Í kærinni segir ennfremur að „Tilgangur þessarar framsetningar „fréttarinnar“ á forsiðu DV var greinilega sá að svivirða forystu Félags fasteignasala og valda persónu minni og starfsemi sem allra mestu tjóni og ærumeiðingum. Ekki verður séð hvað það kemur máli þessu við hvaða fasteignasali á í hlut.“ Siðar segir í kærinni að þessi framsetning sé „hvort tveggja í senn, atvinnurógur af verstu gerð og gróf tilraun til mannorðsmorðs.“ Kærandi tekur fram að blaðamaður DV hafi hringt í hann en hann hafi þá verið á leið í jarðarför og óskað eftir því að tala við blaðamann daginn eftir og sýna honum viðeigandi gögn. Daginn eftir hafi greinin hins vegar birst á forsiðu DV og kærandi segir sig skorta nægilega sterk lýsingarorð „til að lýsa því óeðli, illgirni og þeim óþverraskap,“ sem þessi vinnubrögð sýni. Á fundi kæranda með siðanefnd kom fram að hann er afar ósáttur við að fjallað hafi verið um málið á þennan áberandi hátt, enda sé það ekkert einsdæmi að ósamþykktar íbúðir gangi kaupum og sölum og hann hafi ekki getað vitað betur en að íbúðin hafi verið samþykkt.

Skilja má kærana þannig að kærandi geri sérstaklega athugasemdir við þrennt: Að blaðamaður DV geri ekki greinarmun á bótaskyldu og refs-

verðri háttsemi í málf lutningi sínum; að lesa hafi mátt út úr forsiðunni að kærandi hafi selt eignina og verið eigandi hennar sem sé rangt því hann hafi aðeins haft milligöngu um sölu hennar sem fasteignasali; og í þriðja lagi að rangt sé farið með föðurnafn kæranda.

Kærandi vísar í 3. gr. siðareglna BÍ um að blaðamaður vandi upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu eins og kostur er, sýni tillitssemi og forðist að valda saklausu fólki sársauka eða vanvirðu. Þá óskar kærandi sérstaklega eftir afstöðu siðanefndar um það hvort framkoma blaðamanns sé í samræmi við 1. mgr. í 1. gr. siðareglna, þar sem segir, „Blaðamaður leitist við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu.“

Kærandi sendi tölvupóst á Jónas Kristjánsson, ritstjóra DV þar sem hann krefst þess að hann biðji sig „afsökunar á framsetningu „fréttarinnar“ á forsiðu blaðsins og birtir á áberandi stað í blaði þínu hið fyrsta.“ Svarpóstur Jónasar er ein lína, svohljóðandi: „Ég hef kannað þetta mál og sé ekki nokkra ástæðu til að verða við ósk þinni.“

Í greinargerð blaðamanns DV, Jakobs Bjarnars Grétarssonar, krefst hann frávisunar kærunnar á þeirri forsendu að blaðamaður hafi ekkert með forsiðu blaðsins að gera, hún sé alfarið á ábyrgð ritstjóra. Að öðru leyti leggur blaðamaður m.a. áherslu á að Runólfur geri ekki athugasemdir við það sem eftir honum er haft í fréttinni sjálfri.

Í andmælum lögmanns DV, er þess einnig krafist að málinu verði vísað frá að því er varðar blaðamann DV og að öðru leyti komist að þeirri niðurstöðu að ritstjórn DV hafi ekki brotið siðareglur BÍ. Lögð er áhersla á að það sé hlut-

verk fjölmiðilsins, ekki kæranda, að meta hvenær sé þörf á birtingu efnis og fjölmiðlum sé ávallt heimilt að segja fréttir af dómsmálum. Í kærinni komi ekkert fram um að fréttin hafi verið röng fyrir utan tilvísun í það hvort rétt sé að segja að fasteignasalar selji eign eða hvort segja verði að þeir hafi milli-göngu um sölu eigna. Þá er beðist af-sökunar á því að föðurnafn kæranda var rangt í fréttinni.

Umfjöllun:

Kæran snýr í öllum aðalatriðum að for-síðu DV sem hinn kærði blaðamaður ber ekki ábyrgð á. Að því er varðar mat siðanefndar á því hvort blaðamaðurinn hafi brotið 1. gr. siðareglna í samskipt-um sínum við kæranda, þá virðist sem þar standi orð gegn orði. Blaðamaður segist ekki hafa gefið kæranda neina

ástæðu til að ætla að beðið yrði með fréttina og lögmaður DV segir að í samtali kæranda og blaðamanns hafi ekkert komið fram um jarðarför. Í frétt-inni (og reyndar líka í smáu letri á for-síðunni) eru sjónarmið og málsvörn kæranda reifuð og haft eftir honum að málið orki tvímælis. Að því leyti telur siðanefnd að blaðamaður DV hafi ekki brotið neinar reglur.

Hvað varðar forsiðu DV þá tekur siðanefnd undir það sjónarmið kær-anda að gert hafi verið mikið úr málinu og að farið sé með mistök kæranda í starfi eins og um ásetning hafi verið að ræða, enda megi skilja fyrirsögnina á forsiðu á þann veg að kærandi hafi verið að selja eigin íbúð. Hins vegar telur siðanefnd að ekki sé beinlínis hægt að staðhæfa að fyrirsögnin sé röng því það sé vissulega málvenja að

tala um að fasteignasalar selji eignir. Þá telur siðanefnd að það skipti máli að kærandi hafi verið valinn til trúnað-arstarfa í félagi fasteignasala sem gjaldkeri félagsins og því sé ekki óeðli-legt að það komi fram. Að öðru leyti tel-ur siðanefnd að það sé hvorki í hönd-um siðanefndar BÍ né kæranda að meta eða ákveða fyrir fjölmiðla hvenær fjallað skuli um mál og hvenær ekki.

Úrskurður:

DV telst ekki hafa brotið gegn siðaregl-um Blaðamannafélags Íslands.

Kristinn Hallgrímsson

Hjörtur Gíslason

Sigurveig Jónsdóttir

Brynhildur Ólafsdóttir

Salvör Nordal

Pressuball 2006

18. febrúar á **Hótel Borg**

Verð 4500 krónur og fordrykkur er innifalinn

„*Ball ársins!*“

Matseðill:

Fiskisúpa Hótel Borgar full af sjávarfangi

Fish soup Hotel borg full of ocean delights

Lambaframfille með rötargrænmeti og lambasósu

Prime fillet of lamb with root vegetables and lamb stock reduction

Tiramisu og ferskir ávextir

Tiramisu and fresh fruits

Blaðamanna
verðlaun **2005**



„*Samkvæmistímabilið hafið*“ „*Galadansleikur!*“

Félagaskrá BÍ

Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:	Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:
1	ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON		1.9.1942		41	STEFÁN FRÍÐBJARNARSON		1.8.1974	20.5.1975
2	ATLI STEINARSSON		30.6.1950	1.1.1951	42	ÁGÚST I. JÓNSSON	MORGUNBLAÐIÐ	1.6.1972	20.5.1975
